

MADDÝ, TÍMON

og

Bleika leynifélagið



ILONA KOSTECKA

Þýðing: Sólveig Sif
Hreiðarsdóttir

Myndlýsing
Anna
Simeone



Kverbókaútgáfa



PÉSSA
BÓK
á



„Mér leiðist svo!“ hrópar Tímon.

Hann er orðinn leiður á því að bíða. Hversu lengi er eiginlega hægt að bíða? Nú er kominn eftirmiðdagur og mamma ekki enn komin heim. Hún er alltaf að vinna. Það er samt allt í lagi vegna þess að pabbi lofaði að fara með Maddý og Tímon á leikvöllinn. Hann er bara alltaf svo upptekinn og hann þarf að elda kvöldmatinn. Svo þarf alltaf að vaska upp eftir kvöldmatinn!

„Mér leiðist líka!!!“ Nú er Maddý búin að fá nóg.

„Ef þið bara hjálpið mér þá tekur þetta enga stund!“ kallar pabbi úr eldhúsinu. „Viljið þið ekki koma með diskana ykkar?“

„Æ, mér er svo illt í höndunum!“
skrökvar
Maddý
vegna þess
að hún vill frekar
gera eitthvað



meira spennandi en að
hjálpa pabba í eldhúsinu.
Til dæmis gæti hún verið
að renna sér í aparólunni.
Þetta fullorðna fólk skilur
ekki hvað er mikilvægt og
hvað skiptir engu máli!

